

Algeng orð og hugtök á Sanskrít

Sanskrit er elsta þekkt tungumálið af indo-evrópska stofninum.

Elstu ritin (Vedurnar) voru varðveitt munnlega og er málið sem er varðveitt í þeim ritum kallað vedíska. Seinna verða þjóðflutningar til austurs eftir ánni Ganges og um 500 f.Kr setur Panini nokkur saman rit sem nefnt er Ashtadhyayi, eða Átta kaflar. Þarna eru nærri 4000 sútrur sem fjalla um málfræðireglur. Þarna er komið fram það mál sem er kallað klassísk sanskrít. Þannig að elstu Vedurnar eru á vedísku, Upanishad bækurnar á klassískri sanskrít.

Sanskrit hefur verið rituð með ýmsu letri í gegnum tíðina, en eftir að prenttæknin fannst varð samkomulag um að nota *devanagari* leturgerðina.

Efirfarandi orðalisti nýtir sér latneska stafrófið. Athugið að því fylgir sá ókostur að ekki sést hvenær staur er langur eða stuttur, en það kemur ekki að sök svona fyrst um sinn.

Orðalisti:

A

Abhaya(m): Óttaleysi. Að vera stöðugur og láta ekkert slá sig út af laginu. **Abhimana:** Egóismi, mont, að hengja sig á einhvern, stolt, villan um „ég“ og „mitt“, að sjá sig sem líkamann.

Abhimukti: Sá sem hefur snúið sér að frelsinu. Það ástand þar sem frelsi verður náð.

Abhisheka(m): Bað – ritúallinn að hella vatni yfir heilagt tákni gyðjunnar eða guðsins sem verið er að tilbiðja.

Abhyasa: Staðfesta í jógískum æfingum (hugleiðslu.)

Acharya: Kennari, forstöðumaður.

Adi: Fyrsti, upphaf, fyrirmyndin.

Adi Purusha: Fyrsta Purusha (sjá Purusha.)

Adishakti: Frumorkan.

Aditya: Sólin, sólarguðinn.

Advaita: Einhyggja, bókstaflega „ekki tveir.“

Agama: Rit, serstaklega rit sem fjalla um eftirfarandi fjögur atriði: hvernig reisa skuli hof og útbúa gyðju/guða tákni, heimspeki, hugleiðsluæfingar og tilbeiðsluáðferðir.

Agami karma: Karma sem er ekki ennþá komið fram.

Agni: Eldguðinn í Veda ritunum.

Agnihotra: Eldfórn, Vedískur ritúall.

Aham: „er ég“, sjálfsvitundin.

Ahamkara: Sama og ahankara, egóið.

Ahimsa: Skaðleysi í hugsun, orði og gjörðum.

Ajna chakra: „Stjórnstöðin“, orkustöðin milli augabrána, þriðja augað.

Akasha: Ósýnilegt, „etherinn“, það fíngerðasta af elementunum fimm. Amala: Án galla, tært.

Amara: Ódauðlegt.

Amrita: Það sem gefur eilíft líf. Eilífðarvökvinn sem myndaðist þegar guðirnir þeyttu mjólkurhafið.

Anahata: „Óslegið“, endalaus bjölluómur hið innra, hjartað, hjartastöðin, hin innri guðlegi ómur sem jógarinn heyrir, OM.

Ananda: Bliss, hamingja, gleði.

Anga: Útlímur, sérstakur hluti, aukahlutur, meðlimur, tækni.

Anima: Lítil, atóm, sá yfirnáttúrulegi hæfileiki að geta gert sig eins lítinn og maður vill.

Anjali: Lófarnir lagðir saman í bænastöðu, að bjóða handfylli af blómum.

Anna: Matur, hrísgrjón, efni.

Annamaya kosha: Grófasti hluti líkamans, sá hluti sem myndast af mat.

Annapurna: „Full af mat“, nafn gyðjunnar sem ber með sér mat og velsæld.

Antahkarana: Innra tækið, hinn fjórfaldi hugur: hugur, skynsemi, egó og vitund.

Anu: atóm.

Anuswara: Bindu, bletturinn milli augabrána, punktur, fræ, uppruni.

Apana: Pranan sem ferðast niður.

Aparigraha: óeigingirni, græðgisleysi, að þurfa ekki margar eigur.

Aranyaka: „Skógarritin“, heimspekilegar og táknrænar túlkanir á vedískum sálum og ritúólum. Ætlað þeim sem velja að dvelja í skóginum.

Artha: Ríkidæmi, hlutir. Það sem þykir eftirsóknarlegt í efnisheiminum.

Arya(n): „Sá sem stefnir uppá við“. Bæði Arya og Aryan eru sálfræðileg hugtök sem hafa ekkert að gera með kynstofn eða þjóðerni. Búdda kallaði þá sem voru tilbúnir til að vinna að andlegum þroska arya. Þó enska þýðingin á kennslu Búdda sé „The Four Noble Truths,“ og „The Noble Eightfold Path,“ talaði Búdda sjálfur um „hina fjóru arísku sannleika“ og „hina áttföldu arísku leið.“

Asana: Staða, sæti.

Asat: Óraunverulegt, ekki til, falskt.

Asatya: ósatt.

Ashta: Átta.

Aswins: Tveir vedískir guðir, þeir sem stýra vagninum sem dregur sólin, alltaf saman, færa okkur dagrenninguna og eru góðir í að heila.

Asmita: Sjálfsvitundin.

Asteya: Að stela ekki, heiðarleiki.

Asura: Púki, vond vera (a-sura: án ljóss.)

Atma(n): Einstaklings andinn, sjálfið.

Avidya: Þekkingarskortur, „að vita ekki.“

Ayurveda: Lífs-þekking. Gamla indverska læknisfræðin, sett saman af vitringnum Dhanvantari og talin hluti af vedískri þekkingu.

B

Bandha: Lás, fjötrar, hnútur.

Bhagavan: Meistarinn, persónulegur guð (kvk: bhagavati.)

Bhagavata: Sá sem tilbiður Bhagavan eða Vishnu.

Bhairavi: Nunna í tantrískum trúarhópi. Ein af gyðjunum.

Bhajan: Tilbeiðslusöngur.

Bhakti: Hollusta við almættið, guðsást.

Bharata: Réttu nafn Indlands.

Bhava: Huglæg tilvera, ákveðin hugræn nálgun eða tilfinning, uppljómun hjarta og hugar.

Bhavanam: Hugleiðsla, Shankara segir að leið hugar og hjarta að meistarinum liggi í gegnum ómið.

Bhaya: Hræðsla.

Bheda: Mismunur, aðgreining.

Bhiksha: Matur sem fæst með ölmusu, eða er gefinn munki.

Bhikshu: Sá sem lifir á ölmusu, farandsmunkur, sannyasi, búddamunkur.

Bhoga: Skemmtun, að njóta, upplifun.

Bhrigu: Forn meistari, svo öflugur að hann gat hugleitt guðina í rifrildi!

Bhukti: Að njóta jarðneskra hluta.

Bhuvaloka: Lægri astral heimurinn, mjög líkur efnisheiminum (Bhuloka.)

Bhumi: Jörðin.

Bhavana: Alheimurinn.

Bodha: Vitund, þekking, skynsemi, andleg viska, uppljómun.

Bija: Fræ, uppruni.

Bija Mantra: „Fræ mantra“ þaðan sem uppljómun vex eins og tré af fræi. Oftast eitt atkvæði

og einnig kölluð fræ vegna smæðar sinnar sem er eins og fræ eða punktur.

Bindu: Punktur, fræ, uppruni. Punkturinn það sem hið fíngerða Omkara rís í hugleiðslu.

Brahma: Skaparinn (Prajapati) sem skapaði heimana þrjá, mannheima, englaheima, og erkienglaheima (Bhur, Bhuwah, og Swah), það fyrsta sem var skapað. Hiranyagarba eða Alheimsviskan.

Brahmabhavanam: Hugleiðsla á Brahman, að finna tengingu við Brahman, og einnig við að allt sé Brahman.

Brahmachari: Sá sem heldur skýrlífi, skýrlífur nemi (ungmenni.)

Brahmaloka: Heimur (loka) Brahma, skaparans. Hæsti himinn, heimur fullkominnar gleði. Sá sem nær hingað eftir dauðann losnar frá endurfæðingum.

Brahman: Hinn endanlegi raunveruleiki, sannleikurinn skv Upanishad, það allra æðsta og óaðgreinanlega, óendanlegt og eilíft, altumvefjandi og óbreytilegt. Verund-þekking- sæla (sat-chid-ananda.)

Brahmana: Sá sem þekkir Brahman. Brahmin. Brihat: Hið mikla, hið stóra.

Buddha: Sá sem er uppljómaður.

Buddhi: Skynsemi, skilningur, rökhugsun.

C

Chakra: Hjól, diskur, orkustöð.

Chaitanya: Vitundin sem þekkir sig og aðra, alvitund.

Chakshuh: Auga, innra auga, sjón.

Chanda: Silfur, máninn.

Chandala: Úrhrak, stéttleysingi, viltur, vondur, svo lágur að hann borðar hunda, ósnertanlegur.

Chandra: Máninn, tungluðinn sem ríkir yfir astral mánaheimi (loka.)

Chandraloka: Mánaheimur, fíngerði heimurinn.

Charana: fótur.

Charu: Réttur úr soðnum hrísgrjónum, mjólk, sykri og skýrðu smjöri (ghee), til að fórna í eld handa guðunum. Sattvísk máltíð góð fyrir jóga og skýrlífi.

Chela: Nemi, lærisveinn.

Chetana: Vitund, vilji, skynsemi.

Chidaksha: Rými (ether) vitundarinnar, hið endalaus, alltumvefjandi vitund þaðan sem allt annað kemur. Vitundin í Sahasrara (Þúsund petala lótusnum). Hið sanna „hjarta“ alls.

Chit: Vitund, að taka eftir, hugsa, verða var við, vita...

Chitta: Hin fíngerða orka sem er grunnurinn fyrir hugann.

Creore: Tíu milljón.

D

Dakshina: Gjöf, fórnargjöf.

Dama: Sjálfstjórn, stjórn skilningarvitanna.

Dana: Gjöf, ölmusa, sjálfsfórn, styrkur (í skilningnum að styrkja eitthvað.)

Danda: Stafur, refsing.

Darshan: Ljós, sjón, sýn, sjónarhorn, merkir einnig að sjá heilaga veru og hljóta þá blessun að vera séður af henni.

Dasah: Þjónn, þræll.

Dashya: Það viðhorf að vera þjónn guðs.

Dashyu: Þræll, það sem þeir sem ekki eru aríar eru kallið í Rig Veda.

Daya: Náð, samúð.

Desha: Staður, ríki, land.

Deva: „Skýnandi“, guð, hvort sem er af hærri eða lægri gerð, hálfguð eða guðleg vera. Oftast hálfguðir sem ríkja yfir ákveðnum kröftum hvort sem þeir eru af jarðnesku gerðinni eða yfirnáttúrulegir.

Devaloka: Heimur hinna skýnandi vera, heimur guðanna, einn hinna æðri heima.

Devanagari: „Guðlega borgin“, stafróf Sanskrit.

Dharana: Einbeiting hugans, að festa hugann við einn hlut.

Dharma: Pólitískt réttir lífnaðarhættir. Að fara eftir reglum ritanna.

Dharma-megha-samadhi: Hið endanlega mark hugleiðslunnar þegar einstaklingur hefur losnað undan öllum löngunum, meira að segja lönguninni að verða alvitur, alltumvefjandi og eilífur. Hér hefur öllu vasana verið eytt.

Dharmashala: Dvalarstaður fyrir píligríma, annað hvort ókeypis eða á lágmarksverði.

Dhatu: Element, uppruni, lífsorka mannsins.

Dhoti: Langur efnisstrangi vafinn um mittið og verður eins og sítt pils. Hefðbundinn klæðnaður indverskra karlmannna.

Diksha: Vígsla, smurning.

Divya: Guðleg, yfirnáttúruleg.

Dosha: Galli, ófullkomleiki. Í jóga heimspekinni eru fimm gallar: lost (kama), reiði (krodha), græðgi (lobha), blekking (moha) og afbrýðisemi (matsarya.)

Drishti: Sjón, sýn, innri sýn, skoðun, augnráð.

Dukha: Þjáning, sorg, óhamingja.

Durga: „Hin óskiljanlega“, „Sú sem er erfitt að ná“, Alheimsmóðirin. Hún ferðast um á ljóni og ber vopn í öllum átta höndum sínum sem táknið um valdið sem hún hefur sem sjálfið í baráttu gegn vanvisku og illsku. Hún er ákölluð gegn öllum gerðum af illsu. Hún er fylgisdama Shiva, shakti.

Dwaita: Tvöfallt, tvíhyggja.

Dwasha: Að forðast eitthvað, andúð.

Dwija: „Tvífæddur“, meðlimur efri stétta sem ber heilagan silkiþráð (yajnopavita.)

E

Eka: Einn, einstakur, Raunveruleikinn.

Ekadashi: „Hinn ellefti“, ellefti dagur hvers hálf mána tímabils (þ.e. ellefti dagur eftir fullt tungl og ellefti dagur eftir nýtt tungl). Pennan dag eru Vishnu og avatarar hans tilbeðnir.

Ekagrata: Einbeittur hugur, einbeiting.

Eva: eingöngu, þannig, á þann hátt.

G

Gaja: fíll.

Ganapati: „meistari Gananna“ (andanna sem fylgja Shiva). Sjá Ganesha.

Gandha: Lykt, ilmur.

Gandharva: Hálfguð – guðlegur tónlistarmaður og söngvari.

Ganesha: Fílhöfðaði sonur Shiva og Parvati. Sá sem fjarlægir fyrirstöður. Meistari (isha) gananna (andanna sem fylgja Shiva), guð visku, guð nýs upphafs, sá sem gefur árangur í andlegu og jarðnesku lífi, hann er sá sem er tilbeðinn fyrst í hverjum ritúal og er þess vegna þekktur sem Adi-deva, hinn fyrsti guð.

Ganja: Indverskur hampur, tegund af marijuana sem vex á Indlandi.

Garuda: Mikil vera sem getur tekið form stórs fugls og þess vegna konungur fuglanna. Oftast táknaður sem örn. Hann er farartæki Vishnu.

Gayatri Mantra: Mantra úr Rig Veda, í braghætti gayatri (3 línur, 8 atkvæði í hverri), vekur upp krafta sólarorkunnar og uppljómunarinnar.

Ghat: Tröppur niður að á, tjörn eða vatni.

Ghee: Skýrt smjör.

Giri: Fjall.

Gopa: Kúahirðir (kvk gopi).

Goshala: Fjós.

Gotra: Klíka, fjölskylda, ætt.

Govinda: Yfir-kúasmalinn/hirðirinn – eitt af nöfnum Krishna.

Griha: Heimili, hús, hof.

Grihasta: Giftur „húsbóndi“, annað lífsstigið (ashrama) á eftir brahmacharya.

Guru: Kennari, forstöðumaður.

Gurukula: Skóli, bústaður kennarans.

H

Hamsah: „Ég er hann“, svanur

Hanuman: Sterkur apakonungur sem leikur stórt hlutverk í Ramayana

Hatha yoga: Jógakerfi sem byggir á líkamlegum æfingum, stöðum og öndunaræfingum ætluðum til að ná valdi á jarðneska líkamanum og þrönnu.

Himsa: Meiðsli, ofbeldi, morð.

Hiranyagarba: „Gullna eggid“, alheims legid, alheims viskan, Hinn Mikli Meistari Alheimsins, Brahman. Getur líka átt við Brahma, skapara heimanna þriggja.

Homa: Vedísk eldathöfn/fórn.

Hridaya: Hjartað, miðja einhvers, kjarni, rýmið þar sem innöndun og útöndun mætast – það er sanna hjartað.

I

Ida: Fíngerð orkurás frá rót hryggsúlunnar til medulla, eftir vinstri hlið.

Indra: Konungur hinna lægri guða (hálfguða).

Indrya: Líffæri. Hin fimm líffæri skynjunar (jnanendriyas) eru eyru, húð, augu, tunga og nef. Hin fimm líffæri framkvæmda (karmendriyas) eru röddin, hendur, fætur, þvagfæri og ristill og æxlunarfærin.

Isha: Meistari, Ishwara.

Ishta-devata: Elskaður guð. Sá guð sem er tekinn fram fyrir alla aðra af viðkomandi.

Ishta mantra: Mantran fyrir Ishta-devata.

Ishwara: Guð eða Meistari sem er æðstur, sem stýrir alheiminum, en með einhver einkenni sem mannshugurinn getur gripið.

Ishwarapranidhana: Að leggja líf sitt í hendur Iswara.

J

Jagadguru: Heimskennari.

Jagat: Heimurinn, alheimurinn.

Jagrat: Vakandi ástand.

Jala: Vatn.

Janma: Fæðing.

Janmotsava: Afmælisveisla.

Japa: Endurtekning á möntru.

Jata: Sítt, matt hár (dreadlocks)

Jati: Stétt, fjölskylda, tegund.

Jaya: Sigur, fögnuður, hillung.

Jiva: Einstaklingsandinn. Andi sem er líkamnaður.

Jivamukta: Sá sem hefur náð frelsi í lifandi lífi.

Jivamukti: Frelsi í lifandi lífi.

Jivatma: Einstaklingsandi. Sama og jiva.

Jnana: Viska, þekking á raunveruleika Brahman, alls sem er.

Jnana Marga: Leiðin þekkingar aðgreiningarinnar sem leiðir til samruna við Brahman.

Jnana Yoga: Leið þekkingarinnar. Hugleitt á viskuna. Stöðug leit skilnings á náttúrunni og eðli sjálfsins.

Jnanedriya: Hin fimm líffæri upplifunar: eyru, húð, augu, tunga og nef.

Jnani: Sá sem fylgir leið viskunnar, sá sem hefur hlotið fullan skilning á sannleikanum (Brahman).

Jyoti: Ljós, logi, lýsing.

Jyotisha: Stjörnuspeki.

K

Kailash: „Kristallað“. Nafn fjallsins sem er heimili Shiva – fjallstoppur í Himalaya (í dag í Tíbet). Vinsæll staður meðal pílagríma.

Kaivalya: Uppljómun, frelsi, að leysast upp og renna saman við Brahman.

Kala: Tíminn. Önnur merking er dauði, örlög, svart, Yama.

Kali: „Sú svarthúðaða“. Svört gyðja sem kom gegnum líkama gyðjunnar Durgu til að sigrast á púkum sem réðust á hana. Hún er með hálsmen úr höfuðkúpum og er í pilsu úr aflimuðum handleggjum - bæði tákna egóið. Í einni hendi ber hún sverð andlegs vísdóms (ptajna) og í hinni ber hún afhoggið höfuð (egó). Þrátt fyrir skelfilegt útlitið mynda hinar tvær hendur hennar múdrur sem tákna „hræðist eigi“ og „komið nær“.

Kali Yuga: Járnöldin

Kalpa: Dagur í lífi Brahma – 4,320,000,000 ár. Hann skiptist á við nótt í lífi Brahma sem er jafn löng. Á degi Brahma myndast alheimurinn og á nóttu Brahma dregst hann aftur saman í punkt.

Kama: Löngun, passjón, losti.

Kamandalu: Ílát undir vatn, borið af flakkandi munkum (sannyasi), oft búið til úr graskeri eða kókosnetu, en getur einnig verið úr leir. Kanandalu, ásamt stafnum og hempunni (gerua) eru einkenni sannyasa.

Karana: Áhald, ástæða. Verkfæri. Innri og ytri skilningarvit.

Karana sharira: Innsta hulan (causal body), þar sem einstaklingurinn dvelur í draumlausum

djúpsvefni. Einnig kallað anandamaya kosha.

Karma: kemur úr rótinn „kri“ sem merkir gjörð. Karma er afleiðing gjörðanna. Karma er eiginlega bæði gjörðin og afleiðingar hennar, þessi endalaus hringrás sem heldur andanum í efninu.

Karma Yoga: Jóga óeigingjarnra framkvæmda.

Kevala: Oneness, algjört, eitt, sjálfstætt, fullkomið.

Kirtan: Að nafn guðs og lofsyngja.

Klesha: Bókstaflega blettur eða galli.

Kleshurnar eru: Vanþekking, eigingirni, aðdáun, andúð og að ríghalda í lífið vegna hræslu við dauðann.

Klishta: Það sem er með klesha.

Kosha: Hlíf, skjöldur, hlíf utan um sálina, þ.e. líkaminn. Við höfum fimm þannig hlífar: anandamayakosha, vijnanamayakosha, manomykosha, pranamayakosha og annamayakosha.

Kripa: Blessun, náð, samúð. Það eru þrjár gerðir af kripa: sadhana kripa (blessun sem fæst með ástundun), guru kripa (blessun frá kennaranum) og divya kripa (guðleg náð).

Krishna: Svartur, dökkur. Nafn eins avatars Vishnus.

Krita Yuga: Gull öldin, Satya Yuga.

Kriya: Hreinsunar aðgerð, æfing, eða ritúall.

Kriya Yoga: Jóga hreinsunarinnar, skv Patanjali: Tapasya, Swadhyaya og Ishwara Pranidhana.

Krodha: Reiði.

Kshama: Fyrirgefning, þolinmæði.

Kshatriya: Meðlimur af stjórnanda- eða stríðsmanna ættum.

Kshetra: Akur, eign, staður fyrir pílgríma, heilagur staður, jarðneski líkaminn.

Kumaras: Oftast átt við fjóra heilaga – Sanaka, Sanandana, Sanatkumara og Sanatsujata – sem í upphafi þessa sköpunarhrings neituðu að taka þátt í veraldlegu lífi þrátt fyrir að Brahma hafi svo fyrirskipað. Shiva kenndi þeim svo, í formi Dakshinamurti, leyndardóma Brahmajnana.

Kumari: Meyja, formlegur titill ógíftrar stúlku.

Kumbha: Ker, vatnsílát.

Kumbhaka: Að halda loftinu í sér eða frá sér.

Kumkum: Rauttrautt. Rautt duft notað til að merkja punkt milli augabrúna.

Kundalini: Frumorka alheimsins staðsett í einstaklingnum. Oftast táknað sem liggjandi við rót hryggsúlunnar, upprúllað eins og lokkur eða snákur.

Kusha: Tegund ag grasi, heilagt strá sem er notað við ýmsar trúarlegar athafnir. Vegna einangrandi eiginleika er það mikið notað til að útbúa sæti fyrir hugleiðslu (asana) og einnig mottur til að sofa á.

Kutira: Kofi, hús, bygging.

L

Lakh: Hundrað þúsund.

Lakshana: Skilgreining, einkenni, ástand, tákn, merki.

Lakshmi: Fylgismey Vishnu, gyðja velsældar og alsnægta.

Laya: Að leysast upp, blandast.

Laya Yoga: Jóga sem stefnir að því að leysa hugann upp blandast almættinu.

Lila: Leikur, kosmíska leikritið.

Linga: Merki, einkenni, tákn. Oftast er átt við sívalning eða eggjalaga tákn Shiva.

Linga sharira: Fíngerði líkaminn. Einnig kallaður sukshma-sharira.

Lobha: Græðgi.

Loka: Heimurinn eða yfirráðasvæði. Svið, plan. Það eru sjö svið: Bhuloka (efnisheimurinn), Bhualoka (lægri astralsvið), Swarloka (mið astralsvið), Mahaloka (hærri astralsvið, þeir sem ná þangað þurfa ekki að fæðast aftur á Bhur, Bhuvah eða Swah), Janaloka (heimur sem nær yfir bæði efsta astralsviðið og lægra sælu/causal svið), Tapoloka (mið-sælu svið þar sem langt komnir andar búa sem stöðugt stunda hugleiðslu – tapasya) og Satyaloka (efsta sælu-sviðið þar sem íbúarnir eru þeir sem hafa hlotið frelsið – moksha).

Lokaishana: Löngun í frægð.

Lota: Málmílat undir vatn, til að drekka úr, bera í eða hella úr.

M

Mada: Stolt, mont, að vera drukkinn eða undir öðrum áhrifum, heilabilun.

Madhura: Sætt, eins og hunang.

Madhya: Miðja.

Maha: Mikill, öflugur, hátt settur, göfugur.

Mahabharata: lengsta söguljóð heims sem fjallar um stríð sem á að hafa átt sér stað fyrir þrjúþúsund árum. Bhagavad Gita er hluti af þessum ljóðabálki.

Mahaloka: Hærra astralsvið. Sá sem nær þangað þarf ekki að fæðast aftur á Bhur, bhuvah eða Swah.

Mahamaya: Hin mikla maya – blekking. Einnig nafn á gyðjunni Shakti, sem táknar sköpunina.

Mahamrityunjaya: „Hinn mikli sigurvegari á dauðanum“. Vedískt verndarvers tileinkað Shiva, farið með það til að hljóta vernd, til að ná sér eftir sjúkdóma og til að lengja lífið.

Mahan: Hinn mikli. Brahman.

Mahapralaya: Hinn endanlega upplaut heimsins þegar allir heimarnir sjö leysast upp og ekkert er eftir nema hið Algjöra. Það eru einnig til minni upplausnir sem eru kallaðar pralaya, þar sem einungis fyrstu fimm heimarnir leysast upp.

Mahapurusha: Mikil persóna, mikil sál, vitringur, Brahman.

Mahima: Mikilfengleiki, kraftaverk, mikið magn af einhverju, eitthvað stórkostlegt.

Mahout: Fílabjálfari.

Maithuna: Kynlíf.

Maitri: Vinátta.

Mala: 1) Galli, óhreinndi, vanþekking, takmörkuð meðvitund. 2) Hálsmen þar sem eitthvað er þrætt á band, blóm eða perlur. Til notkunar við möntrusöngl eru oftast 108 perlur.

Mana(h/s): Hugurinn sem upplifir, sá hluti sem tekur við skilaboðunum frá skilningarvitunum.

Manana: Að hugsa, íhuga.

Mandala: Hringur, töfrahringur eða teikning, svæði guðsins/gyðjunnar, hluti af Rig Veda, félag.

Mandir(a): Hof, dvalarstaður.

Mani: Gimsteinn.

Manipura chakra: Naflastöðin. Sæti eldsins.

Manomaya kosha: Hugarhulan.

Mantra(m): Heilög atkvæði eða orð eða orðaraðir sem hafa yfirnáttúrlega krafta og geta gefið andanum frelsi.

Manu: Forni vitringurinn sem gaf fyrstu lögin og reglurnar sem urðu grunnurinn að trúar- og hegðunarreglum Hindúa.

Manus: Forfeður mannsins sem voru einnig löggjafar og kennarar.

Mara: Líkamningur kosmískrar illsku og tálsýnar.

Marga: Vegur, leið.

Mata: Móðir.

Mauna(m): Hljóður einstaklingur – talar ekki.

Maya: Blekking Brahmans, slæðan sem hylur sannleikann.

Medha: Geta til að muna mikilvæga þekkingu og vísu. Geta til náms.

Mela: Hátíð, stórar trúarlegar samkomur.

Meru: Fjallið háa þar sem guðirnir búa, eða fjallið þar sem Shiva situr í endalausri hugleiðslu. Sagt vera miðja heimsins, sem heldur himninum uppi. Einnig stóra perlan á miðju japa mala.

Mimamsa: Rannsókn á eðli hlutanna, heimspekileg nálgun á vedunum. Ein af stóru heimspekisýnunum sex.

Mitahara: Hóflegt mataræði.

Mithya: Ekki rétt, hvort raunverulegt né óraunverulegt, tálsýn, falskt, ósatt, rangt.

Mitra: Vinur, félagi. Vedískur guð sáttarinnar.

Moha: Tálsýn – venjulega í tengslum við eitthvað ákveðið, eins og aðdáun á einhverjum sem byggir misskilningi eða ósannindum.

Moksha: Frelsi. Að losna unda karma og samsara – hjóli endurfæðinga.

Mudita: Gleði, hamingja.

Mudra: Tákn myndað með höndum/fingrum, innsigli, stimpill, staða sem stjórnar orkuflæði.

Mukta: Frjáls.

Mukti: Frelsi, sama og moksha.

Mula: Upphaf, rót, grunnur.

Muladhara chakra: „Sæti rótarinnar“. Orkustöð neðst á hryggsúlunni. Sæti jarðarelementisins.

Muni: „Hinn hljóði“, sá sem heldur þagnarbindindi, hefur svarið þann eyð að tala ekki (mauna), meistari, insetumaður.

Murti: Styttu, ídol, fígúra.

N

Nada: Hljóð. Hið mystíska innra hljóð, frumhljóðið, fyrsta víbrasjónin sem kom allri sköpun af stað, birting hins óbirta Algjöra, Omkara eða Shabda Brahman. Hið innra Om sem heyrir í hugleiðslu.

Nadi: Orkurás sem tilheyrir fíngerða orkulíkamanum. Líkamleg taug.

Naga: Snákur, tegund af veru á astralsviðinu, nakinn.

Nagar(a): Borg, bær.

Nagar(san)kirtan: Kirtan sem er sungið um götur bæjarins, stundum í kringum hof.

Nagas: Verur í astralheimi sem hafa oft samskipti við mannfólkið og birtast þá gjarnan sem snákar.

Nakshatra: Stjarna, stjörnumerki.

Namaste(bhyam): Ég hneigi mig fyrir þér. Ég heilsa þér.

Nanak: Gúru sem var upphafsmaður Sikhanna á fimmtánda öld.

Naraka: Hel.

Naraki: Íbúi heljar.

Narayana: Nafn guðs, sérstaklega notað fyrir Vishnu. Merkir þann sem ber allt fólk uppi, sem fólk nær til og semaðstoðar fólk við að ná til sín. Hann sem dvelur innra með manninum. Bókstaflega „guð í mannkyninu“. Sadhúar heilsa oft hverjir öðrum sem Narayana: „Namo Narayana“ – ég heilsa Narayana (í þér).

Nasika: Nef.

Nasikagra: Nefbroddur

Nasikagradrishti: Að beina augunum mjúklega að nefbroddinum.

Nastika: Trúleysingi, guðleysingi.

Nataraja: „Konungur dansins,“ eitt af nöfnum Shiva sem alheimsdansarans. Öll sköpunin er

dans Shiva. Hann heldur á trommu (damaru) í efri hægri hendi sem tákn hljóðsins (shabda) ÓM sem skapar heiminn. Í efri vinstri hendi heldur hann á loga sem táknar upplausn alheimsins í bruna – en táknar einni tapasya (agann) þar sem jóginn losar sig við fjötra heimsins. Lægri hægri hendi myndar adhaya mudra, tákníð fyrir óttaleysi, sem boðar frið og vernd. Lægri vinstri hendi beinist að fæti sem vísar upp og táknar að fótum jógans skuli lyft í átt til andans. Það táknar einnig frelsið.

Natha: Meistari, verndari.

Neti-neti: Ekki þetta, ekki þetta. Þetta er afneitun á öllum nöfnum og skilgreiningum til að ná inn að kjarnanum og finna hinn endanlega sannleika.

Nidra: Svefn, hvort sem er draumsvefn eða djúpur, draumlaus svefn.

Nijananda: Blissið handan skilningavitanna.

Nirguna: Án einkenna, eðlis (án gúna).

Nirodha: Hefting, bæling, upplausn.

Nirmala: Gallalaust.

Nirvana: Hið endanlega frelsi. Lausn frá samsara. Moksha.

Nirvikalpa: Algjört, út fyrir skilning hugans, út fyrir alla aðgreiningu.

Nivritti: Afneitun. Að draga sig frá.

Nivritti Marga: Leiðin að draga sig frá samfélaginu.

Niyama: Að fylgja, þessi fimm atriði sem jógum ber að ástunda.

O

Ojah eða Ojas: Lífsorka, kraftur.

Om: Pranava eða hið heilaga atkvæði sem táknar Brahman.

Omkara: Om

Oshadhi: Lækninga jurtir.

P

Pada: 1) Hluti eða partur, 2) Fótur.

Padma: Lótus.

Padmasana: Lótusstaðan.

Paduka: Sandalar.

Panchabhuta: Elementin fimm.

Pandavas: Synir Pandu konungs: Yudishthira, Bhina, Arjuna; Nakula og Sahadeva. Saga þeirra er sögð í Mahabharata.

Pandita: Fræðimaður.

Papa: Synd, galli, vondar gjörðir.

Para: Hærra, alheimslegt, út yfir.

Param(a)guru: Gúru gúrúsins.

Paramhansa: Bókstaflega hinn mikli svanur, manneskja sem náð hefur eins langt og mögulegt er andlega.

Parampara: Hefð, hver og einn fylgir þeim sem á undan eru, lína.

Parvati: „Dóttir fjallsins,“ dóttir Himalaya konungs, fylgismey Shiva, avatar hinnar guðlegu móður.

Patala: Hel, neðri heimur.

Patanjali: Forn jógi, höfundur Yoga Sutra.

Pati: Meistari, guð, Shiva.

Pativrata dharma: Lífreglur siðprúðrar eiginkonu.

Paurusha: Karlmennska, hugrekki, dugnaður.

Phala: Ávöxtur, útkoma.

Pinda: Hluti, einstaklingur, smá kúla af hrísgrjónum sem gefin er forfeðrum að fórn. Pingala: Fíngerð orkurás sem nær frá rót hryggsúlunnar að medulla oblongata eftir hægri hliðinni.

Pitha: Sæti, hásæti. Yoga pitha er hugleiðslustaðurinn.

Prabhu: Meistari.

Prajapati: Skaparinn, einn titill Brahma, skaparans.

Prajna: Meðvitund.

Prakriti: Efni, grunnorka almættisins sem allur heimurinn er myndaður úr. Efnisleg ástæða alheimsins. Einnig kallað Pradhana.

Pralaya: Upplausn.

Prama: Rétt þekking.

Prana: Lífsorkan.

Pranam: Að hneigja sig, heilsa með virðingu. Lófar settir saman í bænastöðu við hjartað.

Pranamaya kosha: Orkulíkaminn.

Pranava: Om er oft kallað pranava, sem þýðir „að lifa“ eða „lífs-gjafi.“

Pranayama: Að stjórna fíngerðu lífsorkunni, oft með ákveðinni öndunartækni. Þess vegna eru öndunaræfingar oft kallaðar pranayama.

Prasada(m): Matur sem hefur verið fórnað í tilbeiðslu eða til meistara, það sem meistari gefur og þýðir bókstaflega „náð.“

Pratima: Tákn, stytta af guði/gyðju, fígúra, skapari.

Pratipaksha bhavana: Það að skipta einhverju út fyrir andstæðu þess með því að nota ímyndun. Það að hugleiða og einbeita sér að því sem styður við andlegt líf frekar en það sem kemur í veg fyrir það.

Pratyahara: Að draga athyglina inná við og frá skilningarvitunum.

Prema: Ást, bæði mannleg og guðleg.

Preta: Draugur, andi.

Prithvi: Plánetan Jörð, jarðarelementið sem gefur af sér lyktina (gandha).

Priya: Sú elskaða, ánægjuleg.

Puja: Tilbeiðsla, ritúall, oftast með mynd eða stytta af guði/gyðju.

Pujari: Sá sem framkvæmir puja.

Punarjanma: Endurfæðing.

Pundit: Fræðimaður, pandita, menntaður maður.

Punya: Verðleikar, dyggð.

Puraka: Innöndun.

Purana: Bókstaflega „sú forna,“ forn rit sem eru eignuð Vyasa þar sem rætt er um andleg gildi og aðferðir gegnum sögur af fornum hetjum.

Purna: Fullt, klárað.

Purnima: Dagur fulls tungls.

Purusha: Persóna í skilningnum „andi með meðvitund.“

Pushpa: Blóm.

Pushpanjali: Að fórna blómi.

Putra: Sonur.

R

Radha: Ein af smalastúlkunum hans Krishna, sú sem er þekktust.

Raga: Að festa sig við eitthvað, tengja við, dýrka, langa í. Að líka við og sækjast eftir. Andstæðan við dwesha.

Raja: Konungur.

Rajas: Virkni, ástríða, löngun. Ein af gúnunum þremur.

Rajasic: Konunglegt.

Rasa: Bragð, essens, safi.

Rati: Ánægja.

Ratna: Gimsteinn, perla, það besta.

Ratri: Nótt.

Rechaka: Útöndun.

Retas: Sæði.

Rishi: Vitringur, sá sem sér sannleikann.

Rudra: Shiva.

Rudraksha: „Auga Shiva,“ fræ sem er talið heilagt af fylgjendum Shiva, Shakti og Ganesha. Notað í japamala.

Rupa: Form, líkami.

S

Sabha: Söfnuður, opinber fundur (eins og kosningafundur eða forsetaræða..)

Sad-darshanás: Sýnirnar sex, heimspekistefnurnar sex (Nyaya, Vaisheshika, Sankhya, Yoga, Mimamsa og Vedanta.)

Sadguru: Sannur gúrú.

Sadhaka: Andlegur nemi, sérstaklega sá sem æfir hugleiðslu.

Sadhana: Andleg æfing.

Sadhu: Sá sem leitar sannleikans.

Sadhvi: Kvenkyns sadhu.

Saguna: Með eiginleikum (gúnum.)

Sahaja: Náttúrulegt, spontant, meðfætt.

Sahasrara chakra: Krúnustöðin.

Sama: Ró, kyrrð, stjórnun innri líffæra, jafnt, sama.

Samadhi: Það ástand þar sem hið algjöra er upplifað ásamt alvisku og sælu.

Samana: Meltingarorkan.

Samhita: Safn, hluti af Veda bókunum, vedískir sálmar.

Samprajnata samadhi: Savikalpa samadhi. Samadhi þar sem við höfum meðvitund um einhvern hlut – höfum verið að hugleiða á eitthvað ákveðið.

Samsara: Hið endalaus hjól lífsins og endurfæðinga.

Samskara: Mótun, eins og stimplun á hugann sem kemur vegna reynslu og gjörða. Sumt höfum við með okkur frá fyrri lífum.

Samyama: Sjálfstjórn. Síðustu þrjú þrepin í Ashtanga jóga.

Sanatana: Eilíft, fornt, frum...

Sanatana Dharma: „Hin eilífa trú,“ einnig þekkt sem Arya Dharma, trúin sem dregur manninn upp (arya), hindúismi.

Sanatkumara: Einn hinn fjögurra Kumara.

Sanatkumaras: Hinir fjóru Kumarar.

Sanchita karma: Karma sem kemur frá gjörðum annað hvort úr þessu eða fyrri lífum, en

haldast í dvala þetta líf. Karma sem er ekki farið að ávaxtast.

Sangha: Félagsskapur, félag, samsafn, samfélag.

Sankalpa: Ósk, löngun, ásetningur.

Sannyasi: Munkur.

Santosha: Sátt, sæla, friðsæld.

Saraswati: „Hún úr ánni,“ fylgismey Brahma sem ræður tali, þekkingu og listum. Gyðja viskunnar.

Sarva: Allt, fullmótað.

Sat: Tilvist, raunveruleiki, sannleikur, nafn Brahman.

Satshidananda: Tilvist-þekking-bliss, hið algjöra, Brahman.

Satsanga: Félagsskapur sannleikans. Að umgangast fólk sem hallast að andanum. Félagsskapur vitringa og fylgjenda.

Sattwa: Ljós, hreinleiki, raunveruleiki. Ein af gúnunum þremur.

Sattwa Guna: Eiginleiki ljóssins, hreinleikans, jafnvægis og góðmennsku.

Satya: Sannleikur, raunveruleiki, Brahman, heiðarleiki.

Satyaloka: Efstu heimurinn þar sem þeir búa sem hafa náð fullu frelsi.

Satya Yuga: Gullöldin.

Savikalpa Samadhi: Samadhi þar sem eiginleikar eru ennþá þekktir, þar sem ennþá eru „sá sem veit, vitneskjan og það sem er vitað.

Seva: Þjónusta, óeigingjörn vinna.

Sevak: Þjónn.

Shabda: Hljóð, orð, Vedurnar, Omkara.

Shaiva: Fylgjandi Shiva.

Shakti: Kraftur, sá hluti almættisins sem birtist sem efnisheimur.

Shama: Ró, stjórn skilningarvitanna.

Shanka: Kuðungurinn stóri sem er hægt að blása í.

Shanti: Friður, kyrrð.

Sharira: Líkami, hylki.

Shastra: Rit um andleg mál.

Shaucha: Hreinleiki.

Shesha: Það endalaus, nafn snáksins (naga) sem Vishnu hallar sér að.

Shikha: Hártoppur á krúnunni, algeng hárgreiðsla hjá brahmínunum. Á norður-Indlandi er þessi greiðsla oft notuð til að sýna að viðkomandi er Hindúi.

Shiksha: Kennsla.

Shravana: Að hlusta á, stúdera, hlusta á upplestur úr heilögu ritunum.

Shri: Eitt og sér er heiti á gyðjunni Lakshmi. Annar er þetta „hinn heilagi,“ virðingartitill.

Shruti: „Það sem er heyrt,“ kennslan sem sjáendurnir fengu beint frá almættinu.

Shudra: Meðlimur stéttar vinnumanna og þjóna.

Shukla: Hvítt, bjart.

Shyama: „Hinn dökki,“ nafn Krishna vegna þess hvað hann er dökk blár og einnig nafn Kali þar sem hún er svört.

Shyamasundara: „Hinn fagri dökki“ - Krishna.

Siddha: Andleg fullomnun, yfirnáttúrulegir hæfileikar.

Sita: Fylgismey Rama og dóttir Janaka konungs.

Skandha: Hópur.

Sloka: Vers á sanskrit. Oftast tvær línur, sextán atkvæði hvor, eða fjórar línur, átta atkvæði hver.

Smarana(m): Að minnast drottins.

Smriti: Minning, safn sem er munað og þá í skilningnum hefð, þau rit sem eru ekki shruti (Vedurnar og Upanishad eru álitin shruti.)

Snana: Bað athöfn í heilagri á eða vatni.

So'ham: „Ég er Hann.“

Soma: Lífsvökvinn, nafn Chandra, mánaguðsins.

Spanda: Víbrasjón, titringur, það sem framkvæmir efni.

Sri Yantra: Mystísk teikning sem sýnir hreyfingu andlegrar orku hinnar miklu möntru OM. Sri Yantra hefur einnig verið tengd við orku hinnar guðlegu móður og er oft tilbeðin af fylgjendum hennar.

Steya: Að stela.

Sthira: Stöðug, sterk.

Sthiti: Stöðugleiki, tilvist, vera, efni.

Sthula: Gróft efni, efnislegur líkami.

Sthula-sharira: Jarðneski líkaminn.

Sukha: Gleði, hamingja.

Sukshma: Fíngert.

Sukshma-sharira: Fíngerði líkaminn.

Sundara: Fögur.

Surya: Sólin, sólarguðinn. Stundum tengdur við Vishnu (Surya-Narayana) eða hinn algjöra Brahman.

Sushumna: Fíngerða orkurásin eftir miðri hryggsúlunni.

Sutra: Þráður. Eins konar glósur, þar sem mestum upplýsingum er komið fyrir með sem fæstum orðum.

Swa(r)loka: Mið-astral heimurinn.

Swabhava: Eðli manns sjálfs. Upplag, hæfileikar.

Swadharma: Skyldur manns sjálfs, byggðar á karma og samskara. Þær skyldur sem hið eilífu lög (sanatana dharma) hafa lagt á herðar okkur.

Swadhsthana chakra: Naflastöðin. Sæti vatns-elementisins.

Swadhyaya: Innri skoðun sem leiðir til sjálfsskilnings. Lestur ritanna sem hjálpa við sjálfsþekkingu.

Swami: Bókstaflega „ég er minn,“ í skilningnum fullkomin sjálfsþekking. Oft notað eins og meistari, eigandi, andlegur leiðbeinandi eða einhver með völd.

Swapna: Draumur.

Swara: Hljóð, áhersla, tónn.

Swarga/Swarloka: Himnaríki, þar sem guðirnir búa, staður ljóss og gleði.

Swarupa: Sjálfið, manns eigið andlit, hið sanna form.

T

Tamas: Deyfð, leti, hreyfingaleysi, vanviska. Ein af gúnunum þremur.

Tandava: Dans eyðingarinnar. Dansinn sem Shiva dansar til að leysa heiminn upp.

Tanmatras: Hreinu elementin.

Tantra: Handbók eða ákveðin leið þar sem lögð er áhersla á að endurtaka möntrur ofl til að leysa hulin öfl úr læðingi. Unnið með jarðneska, astral og bliss líkama í tengslum við alheimskrafta, oftast í gegnum gyðjur.

Tapa: Að mynda hita.

Tapasya: Mikill agi við andlega iðkun. Þetta þýðir bókstaflega að mynda hita eða orku, en er notað í myndlíkingu. Talað um að brenna upp fræ karma.

Tara: Frelsari, nafn gyðjunnar.

Tat Twam Asi: „Þú ert það,“ Mahavakya (Hin mikla sögn) úr Chandogya Upanishad.

Tattwa: „Það-und,“ element, kjarni hluta, sannleikur, raunveruleiki.

Tejas: Það sem glitrar og skín. Agni, hiti, eldelementið sem gefur sjónina.

Tilaka: Heilagt merki sett á enni eða mitt á milli augabrúna sem gefur til kynna hvaða form af guði viðkomandi fylgir.

Trataka: Stöðugt augnráð sem beint er að punkti, loga, yöntru, etc...

Treta Yuga: Silfur öldin.

Triguna: Gúnurnar þrjár, sattwa, rajas og tamas.

Triloka: Heimarnir þrír: Bhur, Bhuvah og Swah.

Tulasi (Tulsi): Indverskur basil, heilagur fyrir Vishnu. Álitin birtingarmynd gyðjunnar Lakshmi. Laufin eru notuð við tilbeiðslu á Vishnu og avatörum hans, stöngull og rætur notaðar til að útbúa perlur á talnaband til að fara með möntru til Vishnu og avataranna. Laufin eru einnig notuð til að hreinsa og

jafnvel til lækninga.

Turya: Ástand hreinnar vitundar. Bókstaflega „fjórða.“

U

Udana: Pranán sem lyftir upp eða ber niður það sem var borðað eða drukkið.

Uma: Sjá Parvati.

Upadesha: Andlegar leiðbeiningar.

Upanishad: Heimspekileg rit frá fornum vitringum Indlands um þekkingu á hinum Algjöra Raunveruleika. Þessi rit fjalla aðallega um tvö þemu: 1) Að sjálf einstaklingsins (Atman) og sjálf alheimsins (Brahman) eru í raun eitt og það sama og 2) Að markmið lífsins sé sjálfsvakning, skilningur á þessum sannleika. Það eru ellefu aðal rit: Isha, Kena, Katha, Prashna, Mundaka, Mandukya, Taittiriya, Aitaryeya, Chandogya, Brihadaranyaka, og Svetashvatara. Shankara hefur ritað skýringar við öll þessi rit og þar með gefið þeim ákveðinn viðurkenningarstimpil.

Upasana: „Sitja nálægt,“ í skilningum að hlusta á og læra af. Einnig tilbeiðsla, aðdáun og hugleiðsla.

Uttama: Hæst, best.

Uttara: Hærra.

Uttarayana: „Norður leiðin,“ fyrri helmingur ársins sem hefst eftir 21. desember (við vetrarsólstöður) þegar sólin virðist færast í norðurátt.

V

Vach: Orð, guðleg orð, tal.

Vachaka eða vachya: Það sem er táknað með orðum.

Vahana: Farartæki.

Vaidika: Vedíska.

Vairagi: Einsetumaður.

Vairagya: Að tengjast ekki, draga sig frá, losna við langanir.

Vaishnava: Fylgjandi Vishnu.

Vaishya: Sá sem er úr stétt kaupmanna, bænda, listamanna og rekstraraðila.

Vajra: Demantur, eldhnöttur – vopn Indra, konungs guðanna.

Vak: sama og vach.

Vakya: Orð eða staðhæfing.

Valmiki: Fyrsta skáld Indlands, höfundur Ramayana.

Varna: Stétt, bókstaflega „litur.“ Í hefðbundnu indversku samfélagi voru fjórar aðal stéttir sem fólk skiptist í eftir eðli sínu og náttúru: Brahmin, Kshatriya, Vaishya og Shudra.

Varnashrama: Tengist stéttunum fjórum og hinum fjóru tímabilum lífsins (ashramas) Hindúans. Lög

og reglur um stéttir og lífstímabil.

Varnashram dharma: Skyldur hvernar stéttar og lífstímabils.

Varuna: Vedískur guð sem er talinn viðhalda heiminum og ríkja yfir sjó og vötnum. Oft tengdur við meðvitundina.

Vasana: Knippi ef svipuðu samskara. Fíngerðar langanir, tendens sem verður til í manneskju við að endurtaka ákveðna hluti eða vegna þess að manneskjunn líkaði eitthvað vel. Þetta stjórnar viðbrögðum manneskjunnar. Er ástæða þess að manneskja fæðist aftur og aftur. Eru einskonar stjórnstimplar í undirmeðvitundinni.

Vashishtha: Einn af vedísku sjáendum.

Vasudeva: „Hann sem dvelur í öllu,“ alheimsguðinn, faðir Krishna sem einnig er sjálfur oft kallaður Vasudeva.

Vasuki: Konungur snákanna. Hann aðstoðaði við að þeyta mjólkurhafið í upphafi.

Vayu: Vedískur guð vindsins. Loft og lofts-elementið sem gefur upplifun snertingarinnar (sparsha.)

Veda: Þekking, víska.

Vedanta: Bókstaflega „endir Vedanna,“ Upanishad ritin. Sú lína heimspekinnar sem byggir á Upanishad.

Vedanta Sutra: Sama rit og Brahma Sutra.

Vedantin: Sá sem fylgir Vedanta.

Veda: Elstu rit Indlands, talin elstu rit heimsins. Þær eru sagðar hafa birst vitringunum beint frá almættinu. Þó þær séu í dag sagðar vera fjórar: Rig, Sama, Yajur og Atharva, eru aðeins þrjár taldar upp í Upanishad: Rig, Sama og Yajur. Í raun er bara ein Veda: Rig Veda. Sama Veda er bara safn af sálum úr Rig Veda sem eru merktar með leiðbeiningum fyrir söng. Yajur Veda er lítið rit sem gefur leiðbeiningar um eina leið til að framkvæma fórnirnar sem talað er um í Rig Veda. Atharva Veda er aðeins samsafn af heilandi möntrum sem skuli syngja gegn ákveðnum sjúkdómum eða yfir jurtunum sem eru svo notaðar gegn sjúkdómum.

Vibhu: Alls staðar, mikill.

Vibhuti: Birting guðlegrar orku, máttar, kraftaverka, yfirnáttúrulegra hæfileika. Einnig heilög aska frá eldfórnum.

Vichara: Rannsókn á eðli sjálfsins, Brahman og sannleikanum. Endalaus skoðun á ástæðu alls. Að greina á milli þess sem er raunverulegt og þess sem er blekking.

Vidya: Þekking, hvort sem andleg eða jarðnesk.

Vijaya: Sigur, fögnuður á sigri.

Vijnana: Æðsta þekking, uppljómun. Buddhi, víska.

Vijnanamaya kosha: Jnanamaya kosha. Buddhi. Viskulíkaminn.

Vikalpa: Ímyndun, tilbúningur hugans, abstrakt hugsun, villa, ofskynjun.

Vikara: Breyting, formbreyting, oftast átt við breytingar hugans, hvort sem er á einstaklingsgrunni eða alheimsgrunni eins og birting á einhverju.

Vikshepa: Út-vörpun hugans, kraftur hugans sem getur komið af stað breytingum. Áhrif hugsananna. Óróleiki hugans sem er til kominn vegna fjarlægðar hugans við innsta eðlið.

Vimala: Án galla, hreinleiki.

Vipra: Tvífæddur. Vígður. Merkingin á oftast við um þann sem hefur hlotið hinn heilaga þráð og vígður inní Gayatri möntruna. Þar sem Kshatriya og Vaishya stéttirnar eru almennt hættar þessu á þetta almennt við Brahmína í dag.

Viraj: Hinn birti alheimur, mannheimar, karllæg orka náttúrunnar.

Viraja homa: „Alheims homa,“ hin endanlega eldfórn sem er framkvæmd rétt áður en viðkomandi dregur sig frá samfélaginu (sannyas) og færir fórn til allra lifandi vera og biðst lausnar frá fjötrum karma.

Virya: Styrkur, máttur, kraftur, hugrekki.

Vishaya: 1) Efi, 2) Hlutur, það séða, efni umræðunnar, innihald.

Vishesha: Sérstakt, óvenjulegir eiginleikar.

Vishnu: Guð sem sá sem viðheldur.

Vishudda: Algjörlega tær, hreinn.

Vishudda chakra: Hálsstöðin, Sæti eter-elementisins.

Viveka: Að greina milli raunveruleika og blekkingar, milli sjálfsins og ekki-sjálfsins, milli þess sem er eilíft og þess sem er forgengilegt, rétt aðgreining.

Vrata: Eiður, einsetning, að taka ákvörðun.

Vritti: Hugsanabylgja, hreyfing á chitta.

Vyakta: Það sem er skapað, birt.

Vyana: Lífsorkan sem heldur prana og apana saman og sendir í hringferð um allan líkamann.

Vyasa: Einn af hinum miklu sjáendum Indlands, fyrsti ritrýnir sutra Patanjalis, höfundur Mahabharata, Brahma sútranna og sá sem flokkaði Vedurnar.

Vyoma: Akasha, eter, rýmið.

Y

Yajna: Fórn. Oftast eldfórnin sem er líka þekkt sem agnihotra eða havan.

Yajnavalkya: Mikill vedískur sjáandi. Við getum lesið um viskuna hans í Brihadaranyaka

Upanishad.

Yajnasthala: Súluur með þaki yfir – vegglaus bygging – þar sem eldfórnir eru framkvæmdar.

Yajnopavita: Heilagi þráðurinn sem Brahminar bera. Upphaflega báru Kshyatrar og Vaishyar hann einnig, þar sem allar þessar þrjár stéttir voru „tvífæddar,“ fengu vígslu.

Yaksha: Það eru tvær geður af þessum verum, 1) hálfguðir undir konunginum Kubera, guði ríkisdæmisins og 2) eins konar draugar, goblinar eða djöflar.

Yama: 1) Höft, þessi fimm atriði sem jóganum ber að forðast, fyrsta þrepið í Ashtanga jóga. 2) Guð dauðans, sá sem ræður því hverjir deyja og hvað verður um þá eftir dauðann.

Yantra: Rúmfraeðileg teikning mynsturs sem mantra myndar þegar hún er kirjuð. Oft tileinkuð guði/gyðju og eru þá tákn hreyfingar/orku viðkomandi guðs/gyðju.

Yati: Flakkari, munkur.

Yatra: Pílagrímsferð.

Yatri: Pílagrími.

Yoga: Bókstaflega „tegning,“ kemur frá rótinni yuj. Tenging við hið æðsta sem er og leiðin (æfingin) að þessari tengingu. Hugleiðsla á guð eða hinn mikla anda. Nafn heimspeki línunnar sem Patanjali festi á blað með sútrunum sínum.

Yoga Darshan(a): Ein af heimspekilínunum sex, sem fjallar um jógiska nálgun að sannleikanum.

Yoga Marga: Leið hugleiðslunnar.

Yoga Nidra: Ástand hálf-hugleiðinga og hálf-svefn, léttur jógasvefn þar sem einstaklingurinn heldur örhlítilli meðvitund, ástand milli svefn og vöku. Í hærri skilning er þetta draumlaus svefn þar sem jóginn upplifir hreina vitund. Og í hæsta skilningi er þetta ástandið þegar jóginn er kominn yfir þessi þrjú vitundarstig: vöku, svefn og djúpsvefn, og hefur flust yfir á fjórða stigið, turya, sem er stig hreinnar vitundar og jóginn er sofandi gagnvart hinum þremur stigunum.

Yoga Siddhi: Andleg fullkomnun eða yfirnáttúrulegir hæfileikar tilkomnir vegna jógaæfinga.

Yoga Sutra: Elsta ritið sem fjallar um jóga, skrifað af Patanjali, og talið áreiðanlegast ritið um jóga. Einnig þekkt sem Yoga Darshana, jógaheimspekin, sem byggir á öðru heimspekikerfi: Sankhya.

Yoga Vashishtha: Klassísk umfjöllun um jóga, með leiðbeiningum sjáandans Vashishtha til Rama konungs um hugleiðslu og andlegt líf.

Yogabhrashta: Sá sem fallið hefur frá jógaleiðinni.

Yogabhyasa: Jógaæfingar.

Yogin: Jógi.

Yogini: Jógína, kvenkyns iðkandi.

Yuga: Öld eða hringur, heimstímabil. Hindúar trú á að það séu fjórar aldir: Gullöldin (Satya-

eða Krita Yuga), Silfuröldin (Treta Yuga), Bronsöldin (Dwapara Yuga) og Járnöldin (Kali Yuga.) Satya Yuga er fjórum sinnum lengri en Kali Yuga, Treta Yuga er þrisvar sinnum lengri og Dwapara Yuga er tvisvar sinnum lengri. Á Satya Yuga nota mennirnir alla getu sína, $4/4$ af heilanum, á Treta Yuga nota þeir $3/4$, á Dwapara Yuga helming og á Kali Yuga $1/4$. Á hverri öld eru svo einstaka einstaklingar sem skera sig úr. Innan hvers tímabil eru svo önnur tímabil. Alheims yuga tekur 8640,000,000 ár meðan sólar yuga tekur aðeins 12000 ár. Núna er sólkerfið okkar rísandi í Dwapara Yuga, en alheimurinn er í Kali Yuga. Þar af leiðandi, því meira sem almennt mannvit eykst, því meira náum við að framkvæma af vitleysu og slæmum.